

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina Veltubæ sem staðfest var 23. janúar 1990, nr. 49.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins:

Nafnabreyting á skipulagsskrá sjálfseignarstofnunarinnar Veltubæ:
Nafn stofnunarinnar verður nú sjálfseignarstofnunin Vinabær.

2. gr. orðist svo:

Tilgangur sjálfseignarstofnunarinnar er að stuðla að eflingu starfsemi Bindindissamtakanna I.O.G.T. á Íslandi. Í því skyni skal stofnunin starfrækja fjáröflun í víðasta skilningi til stuðnings heilbrigðri bindindisstarfsemi. Í þeim tilgangi er sjálfseignarstofnuninni heimilt að starfrækja fjáröflun, s.s. með happdrætti, bingópili og rekstri fasteigna.

3. gr. orðist svo:

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar skal skipuð 5 mönnum og tveimur til vara. Stjórnarmenn skulu vera góðir og gildir félagsmenn Bindindissamtakanna I.O.G.T. á Íslandi. Við val í stjórnina skal haft að leiðarljósi, að Bindindissamtökin I.O.G.T. á Íslandi eru landsamtök. Með vísan til 4. gr. skipulagsskrár þessarar, hafa fjórir menn verið skipaðir af Stórstúku Íslands í fyrstu stjórn sjálfseignarstofnunarinnar auk tveggja varamanna, en fimmti maður í stjórninni skal vera formaður Bindindissamtakanna I.O.G.T. á Íslandi eða staðgengill hans. Kjörtímabil tveggja stjórnarmanna og annars varamanns fyrstu stjórnar skal vera 5 ár, en hinna tveggja stjórnarmanna og hins varamannsins skal vera 6 ár. Kjörtímabil eftir það skal vera 2 ár í senn, sem fer þannig fram í tvennu lagi sitt hvort árið. Endurkjör stjórnarmanna og varamanna er heimilt og atkvæðisrétt við kjörið hefur fullskipuð fimm manna stjórn. Stjórnin skiptir sjálf árlega með sér verkum og kýs úr sínum hópi formann.

Á stjórnarfundum ræður meirihluti atkvæða ákvörðun stjórnar, en stjórnin skal leitast við að ná samhljóða niðurstöðu um ákvarðanir. Uppfylli stjórnarmaður ekki lengur skilyrði fellur hann sjálfkrafa úr stjórn og tekur fyrri varamaður sæti hans í stjórninni. Stjórnin skal halda gerðabók um fundi sína. Hlutkesti ræður við fyrstu endurnýjun stjórnarmanna og varamanns, þ.e. hvaða sæti eru til 5 ára.

8. gr. orðist svo:

Skipulagsskrá þessari verður því aðeins breytt að allir stjórnarmenn og varamenn séu sammála um breytinguna, svo og framkvæmdastjórn Bindindissamtakanna I.O.G.T. á Íslandi.

10. gr. orðist svo:

Sjálfseignarstofnunin verður ekki lögð niður nema með einróma samþykki fullskipaðrar stjórnar hennar, að fenginni tillögu frá framkvæmdastjórn Bindindissamtakanna I.O.G.T. á Íslandi. Verði hún lögð niður renna eignir hennar til Bindindissamtakanna I.O.G.T. á Íslandi.

Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá fyrir Vinabæ (áður Veltubæ), staðfestast hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 16. desember 2010.

Ríkarður Másson.

Björn Ingi Óskarsson.